

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík 15. mars 2021
UST202101-358/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Fiskeldi í Núpsmýri - Norðurþingi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi við Núpsmýri í Norðurþingi.

Í greinargerð kemur fram að svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði (I3) og gerir tillagan ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fiskeldis á svæðinu sem er um 5,6 ha. að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir að festa í sessi þær byggingar sem fyrir eru á staðnum en einnig er fyrirhugað að byggja 5-8 ný ker og 1.500 m² seiðastöð. Áætlað er að nýta jarðvegsefni sem fellur til við framkvæmdina í mön meðfram Norðausturvegi. Í greinargerð kemur fram að á árinu 2020 er áætluð um 1.600 tonna framleiðsla en hámarks framleiðslugeta stöðvarinnar er nú um 1.700 tonn á ári. Starfsleyfi stöðvarinnar heimilar 3.000 tonna framleiðslu á laxi og/eða bleikju.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið til Skipulagsstofnunar dags 23. mars 2017 um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Sjótaka

Í greinargerð kemur fram að í dag annar vatns/sjótakan að hámarki um 1.700 l/sek. og aukinni vatnspörf eftir fulla stækkum verður að mestu leyti náð með fjölgun dreana við sjávarmál en einnig með aukningu úr volgum ísöltum borholum á umráðasvæði félagsins. Auk þess segir að fjölgun sjódrena hefur staðbundin og afturkræf áhrif á ströndina og því metin óveruleg.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að afmörkun skipulagsins nái að sjótökunni við sjávarmálið. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé ítarlegar um fjölgun dreana sem fyrirhuguð eru og fjallað sé um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Náttúruverndarlög

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í greinargerð er vitnað í eldri náttúruverndarlög nr. 44/1999 en þau féllu á brott með núgildandi náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir því á að vísa ætti til gildandi laga.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæði laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó, auk jökla). Þau mynda ramma utan um aðra löggjöf er varðar verndun vatns. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir fóru í opinbera kynningu í desember 2020 og er áætlað að hún verið staðfest 2022.

Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Pungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar er grunnvatnshlotið Bakkahlaup hefur vatnshlotanúmerið 102-135-G.

Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hugsanlegt er að jarðsjótaka geti haft neikvæð áhrif á magnstöðu, en magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur á grunnvatnshlot. Stofnunin minnir á að sjótaka er leyfis skyld og þarf að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunnar skv. 6. gr laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Tryggja þarf að ástand grunnvatnshlots versni ekki en mat á því hvort jarðsjótaka hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu er tekin við leyfisveitingu þess stjórnvalds (OS).

Umhverfisstofnun bendir á skýrslu¹ sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun af Veðurstofu Íslands um grunnvatnshlot sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum og er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar [vatn.is](http://www.vatn.is). Þar kemur m.a. fram að mjög mikil vatnstaka sé úr vatnshlotinu sem geti valdið álagi á vatnshlotið (*tafla 4. bls 10*). Umhverfisstofnun bendir einnig á skýrslu Veðurstofu Íslands um magnstöðu grunnvatns, tillögu um aðferðafræðilega nálgun². Í skýrslunni er

¹ http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/DE_ofl_2020_02_Grunnvatnshlot%20m%c3%b6gulega%20undir%20m%c3%a1lagi.pdf

² http://vatn.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/VI_2019_012_vef.pdf_Magnstada%20grunnvatns.pdf

kynt aðferðafræði til að meta magnstöðu grunnvatns og leggur Umhverfisstofnun áherslu á að upplýsingar um upptöku séu aðgengilegar og fylgst sé með álaginu á vatnshlotið.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerðir kemur fram að Núpsvatn er friðað samkvæmt 61 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og má því ekki raska. Auk þess kemur fram að þar sem ekki er gert ráð fyrir aukningu í dælingu ferskvatns innan lóðar er talið að aukning fiskeldis muni ekki valda niðurdrætti vatnsyfirborðs í Núpsvatni og Núpsmýri frá því sem nú er og þar með er ekki tilefni til að ætla að lífríki mýrarinnar utan lóðar breytist verulega vegna stækkunarinnar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur